

Úrskurður

aganefndar Kraftlyftingasambands Íslands

nr. 1/2014

16. janúar 2014

Þann 31. október 2013 framsendi stjórn Kraftlyftingasambands Íslands (hér eftir stjórn KRAFT) erindi til aganefndar Kraftlyftingasambands Íslands (hér eftir aganefnd) sem hafði borist stjórninni frá kraftlyftingadeild Gróttu (hér eftir Grótta). Í erindinu sem dagsett er 5. september 2013 lýsir Grótta áhyggjum sínum af ákveðnu lyfjamáli sem upp hafi komið á árinu 2013 innan Kraftlyftingasambandsins Íslands (hér eftir KRAFT). Segir í erindinu að önnur félög innan KRAFT, n.tt. kraftlyftingafélag Seltjarnarness, Zetorar, kraftlyftingadeild Breiðabliks, Ármanns, Stokkseyrar, Akureyrar og Ísafjarðar taki undir þessar áhyggjur.

Í erindinu segir:

„Eins og stjórn KRAFT er kunnugt var keppandi innan sambandsins kærður fyrir lyfjamisnotkun í mars sl. en var sýknaður með dómi Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, uppkveðnum 15. Júlí 2013. Kærða var sökuð um að hafa neytt efna sem voru á bannlista WADA en dómurinn taldi ósannað að hún hefði tekið inn umrædd efni.

Við lestur dómsins koma upp mörg álitamál og gerðar eru alvarlegar athugasemdir við nokkur atriði. Málsmeðferð var afar ábótavant af hálfu lyfjaeftirlitsins en kærða var ekki látin undirgangast lyfjapróf þrátt fyrir fyrir grun um neyslu ólöglegra efna. Því lá ekki fyrir nein efnagreining til þess að ganga úr skugga um hvort neyslan hefði átt sér stað eða ekki. Ýmislegt benti hins vegar til að svo hefði verið, s.s. ummæli þjálfara hennar um að hún gæti mælst há á lyfjaprófi færi hún í slíkt og sú háttsemi hennar að skrá sig úr ÍSÍ og Lyftingafélagi Reykjavíkur skömmu eftir að lyfjaeftirlitið hafði samband við hana. Þá er sérstaklega tekið fram í dóminum að ekki væri hægt að útiloka að í vörunni sem um ræddi væru einhver innihaldsefni sem gætu verið á bannlista WADA. Er óhætt að segja að ákveðin óvissa sé enn fyrir hendi þrátt fyrir framangreindan sýknudóm en slíkt er algjörlega óviðunandi fyrir KRAFT og þá sem stunda kraftlyftingar hér á landi af heilindum.“

Síðan segir í erindinu:

„Kraftlyftingar hafa átt undir högg að sækja þegar kemur að umræðu um lyfjamál og því er afar mikilvægt að vandað sé til verka þegar upp kemur grunur um lyfjamisnotkun. Stjórn KRAFT hefur ávallt lagt ríka áherslu á jákvæða ímynd íþróttarinnar og viljað sýna og sanna að meðlimir KRAFT stundi kraftlyftingar án notkunar ólöglegra efna. Í ávarpi formanns KRAFT á ársþingi sambandsins í janúar sl. sagði hann að það væri undirstöðuatriði að öll félög innan KRAFT tækju þátt í baráttunni gegn notkun óleyfilegra lyfja með fræðslu, áróðri og með því að skapa félagsanda og menningu sem útilokaði allt slíkt. Á þinginu var hvatt til þess að byggja skyldi upp jákvæðan félagsanda þar sem allt væri uppi á borðinu og menn kepptu á heilbrigðum jafnréttisgrundvelli.“

Í erindinu er vísað til svohljóðandi 4. gr. reglugerðar KRAFT um mótahald:

„Félög, keppendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi kraftlyftingahreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.

Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Viðurlög við brotum á ofangreindum reglum eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.“

Að lokum segir í erindi Gróttu:

“Umrætt mál hefur því miður varpað dökkum skugga á kraftlyftingar á Íslandi. Hegðun umrædds keppanda og þjálfara hennar hefur vakið neikvæða athygli innan hreyfingarinnar sem og utan hennar og er til þess fallin að rýra álit almennings á íþróttinni. Hefur málið haft þau áhrif að margir keppendur í okkar röðum veigra sér við að keppa á komandi mótum og hafa jafnvel íhugað að hætta alfarið keppni. Er ekki annað hægt en að taka undir áhyggjur þeirra. Þá eru einnig gerðar alvarlegar athugasemdir við háttsemi þjálfara kærðu þegar hann aðstoðaði keppendur á móti á vegum Metal í apríl sl. en slíkt er skýrt brot á 8. gr. reglugerðar KRAFT um mótahald.

Er þess hér með farið á leit við KRAFT að málið verði tekið til viðeigandi meðferðar og eftir atvikum vísað til aganefndar KRAFT. „

Málsmeðferð aganefndar:

Aganefnd fjallaði um erindið á fundi sínum 4. nóvember 2013 og þótti strax sýnt að erindinu mætti skipta upp í tvo þætti; annars vegar athugasemdir Gróttu við dóm Dómstóls ÍSÍ uppkveðinn 15. júlí 2013 “Lyfjaráð ÍSÍ gegn Jónínu Sveinbjörnsdóttur” og hins vegar fullyrðingar Gróttu um að Jens Andri Fylkisson hefði aðstoðað keppendur á móti hjá félagi utan KRAFT og þannig brotið gegn 8. gr. reglugerðar KRAFT um mótahald.

Að því er fyrrnefnda þáttinn varðar er brýnt að hafa í huga að aganefnd úrskurðar um þau atriði sem fjallað er um í lögum og reglugerðum KRAFT. Samkvæmt dómi ÍSÍ uppkveðnum 15. júlí 2013 í máli nr. 5/2013, Lyfjaráð ÍSÍ gegn Jónínu Sveinbjörnsdóttur, taldist kærða sýkn af öllum kröfum kæranda. Dómurinn er endanlegur um kæruefnið en honum var ekki skotið til til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Dómar ÍSÍ og efnistöð þeirra sæta ekki endurskoðun af hálfu aganefndar og hefur nefndin engar heimildir til að aðhafast frekar vegna þessa þáttar í erindi Gróttu. Aganefnd telur hins vegar mikilvægt að minna á að þeir sem stundi kraftlyftingar á vegum félaga sem aðild eiga að KRAFT standi vörð um íþróttina og geri ekkert sem geti talist til vanvirðu fyrir íþróttina. Þá er sérstaklega bent á að sérhvert aðildarfélag að KRAFT er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna á mótum og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Stendur þá eftir sú meinta háttsemi Jens Andra Fylkissonar að hafa aðstoðað keppendur á móti hjá Metal, félagi utan KRAFT. Aganefnd var sammála um að þessi þáttur krefðist nánari skoðunar enda kynni sú háttsemi að varða við 8. gr. reglugerðar KRAFT um mótahald. Aganefnd óskaði eftir upplýsingum frá stjórn KRAFT um hvort og þá í hvaða félag Jens Andri hefði verið skráður þegar umrætt mót Metal fór fram 20. apríl 2013. Aganefnd þótti brýnt að ganga úr skugga um að Jens Andri hefði verið skráður í félag á vegum KRAFT á þeim tíma enda takmarkast heimildir aganefndar við félagsmenn í KRAFT. Stjórn KRAFT staðfesti að Jens Andri var skráður í Lyftingafélag Reykjavíkur á þessum tíma eða frá 8. mars 2013 til 22. ágúst 2013. Þá staðfesti stjórn KRAFT einnig að mót á vegum Metal hefði farið fram, bæði 16. mars og 20. apríl 2013.

Aganefnd sendi Jens Andra Fylkissyni bréf dags. 26. nóvember 2013 og kynnti honum framangreint erindi Gróttu dags. 5. september 2013. Hjalögð var ljósmynd sem aganefnd hafði borist frá stjórn KRAFT sem talin var sýna hann á téðu móti. Jens Andra var gefinn kostur á að koma að sínum athugasemdum innan viku frá dagsetningu bréfs aganefndar. Þann 2. desember 2013 barst aganefnd svar frá Jens Andra. Kvaðst Jens hafa mætt á mót Metal ásamt öðrum til þess að horfa á mótið en hann hefði ekki aðstoðað keppanda á mótinu. Vísaði hann einnig til þess að á umræddri myndi mætti sjá hann ásamt syni sínum að horfa á keppnina.

Með bréfi aganefndar til formanns kraftlyftingadeildar Gróttu dags. 26. nóvember 2013 var Gróttu gefinn kostur á að leggja fram frekari gögn til stuðnings fullyrðingu um ætlaða háttsemi Jens Andra. Frestur var veittur til 6. desember 2013. Þann dag barst aganefnd bréf frá formanni kraftlyftingadeildar Gróttu dags. 3. s.m. þar sem fram kom að Gróttu hefði borist ábendingar um að Jens Andri hefði aðstoðað keppanda á móti Metal í apríl 2013 fljótlega eftir að mótið hefði átt sér stað. Gróttu hefði þá einnig borist umrædd mynd af Jens Andra ásamt keppanda sem tekin hefði verið á mótsstað. Í bréfinu var óskað eftir frekari fresti til að koma að gögnum í málinu og var frestur veittur til 13. s.m. Þann dag barst bréf frá Gróttu þar sem fram kom að reynt hefði verið að afla frekari gagna í málinu. M.a hefði staðið til að afla framburðar frá keppanda á mótinu en það ekki gengið eftir. Eftir stæði því myndin sem tekin hefði verið af Jens Andra á mótsstað ásamt öðrum myndum sem teknar hefðu verið á sama móti. Með bréfinu fylgdu 3 myndir og var staðhæft að þær hefðu verið inni á „facebook síðu“ Fannars Más Árnasynar en síðan verið fjarlægðar þaðan. Þá ítrekaði Gróttu fyrri athugasemdir sínar og óskaði þess að málið hlyti viðeigandi meðferð hjá aganefnd.

Í 8. gr. reglugerðar KRAFT um mótahald segir:

„Engum félagsmanni í aðildarfélagi að KRAFT er heimilt að keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á kraftlyftingamótum, innanlands eða erlendis, sem haldin eru á vegum aðila sem ekki eru aðilar að KRAFT eða viðurkenndur af IPT án sérstaks leyfis KRAFT. Með sama hætti má enginn sem er í keppnisbanni eða sem ekki er skráður félagi í aðildarfélagi KRAFT

keppa, dæma, starfa eða aðstoða á kraftlyftingamótum sem haldin eru af aðildarfélagi KRAFT án sérstaks leyfis KRAFT.

Viðurlög við brotum á ofangreindum reglum eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að tveggja ára keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.“

Þegar öll gögn málsins eru skoðuð er það mat aganefndar að ekki þyki sannað að Jens Andri hafi starfað eða aðstoðað keppanda á kraftlyftingamóti á vegum aðila sem ekki er aðili að KRAFT. Ekkert í málatilbúnaði Gróttu hrekur þá skýringu hans að hann hafi verið áhorfandi á mótinu. Þegar af þeirri ástæðu sér aganefnd ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar KRAFT um agamál er þessi úrskurður endanlegur.

Úrskurðarorð:

Dómar ÍSÍ og efnistöð þeirra sæta ekki endurskoðun af hálfu aganefndar kraftlyftingasambands Íslands.

Ekki þykir sannað að Jens Andri Fylkisson hafi starfað eða aðstoðað keppanda á kraftlyftingamóti á vegum aðila sem ekki er aðili að KRAFT.

Anna Sigríður Arnardóttir

Grétar Dór Sigurðsson

Sturla Ólafsson